

Hvenær er ekki reynt að gera ytri vendingu?

- Ef legvatn er farið.
- Ef fylgja er lágsæt eða fyrirsæt.
- Ef grunur er um fósturstreitu.
- Við fjölburaþungun.
- Í sumum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort reyna á vendingu t.d. ef: fæðing er hafin, legvatn er lítið, barn er vaxtarseinkað, móðir er með ör eða sköpulagsgalla á legi, meðgöngueitrun eða hjartasjúkdóma.

Fylgikvillar

Fylgikvillar eru sjaldgæfir en þar ber helst að nefna samdrætti, legvatnsleka og hægingu á hjartslætti barns (oftast í stuttan tíma). Alvarlegir fylgikvillar eins og klemma á naflastreng eða fylgjulos eru mjög sjaldgæfir eða < 1% en þá getur þurft að gera keisaraskurð nokkuð brátt.

Gera má ráð fyrir að vendingarferlið taki alls um 2 klukkustundir.

Ytri vending

Hvað er ytri vending?

Börn fæðast að öllu jöfnu í höfuðstöðu þannig að höfuðið snýr niður og fæðist fyrst.

Ef barnið þitt er í sitjandi stöðu, þ.e. með rassinn niður við 36-37 vikur er líklegt að þér verði boðið að reynd verði ytri vending.



Sitjandi staða


Þá er reynt að snúa barninu þannig að höfuðið snúi niður. Hægt er að reyna ytri vendingu eftir 36 vikna meðgöngu.

Meiri líkur eru á eðlilegri fæðingu ef barn er í höfuðstöðu.

Framkvæmd

- Ytri vending er gerð á sjúkrahúsi.
- Þú kemur kl. 08:30 á göngudeild mæðraverndar 22-B.
- Við komu á deildina er tekið hjartsláttarrit af barninu.
- Mældur er blóðþrýstingur hjá þér.
- Læknir eða ljósmóðir staðfestir legu barnsins.
- Um 5-15 mínútum áður en vending er reynd er gjarnan gefið lyf (Bricanyl®) undir húð til fyrirbyggja samdrætti í leginu. Lyfið veldur slökun í sléttum vöðvum en þá er að finna í æðum, öndunarfærum og legi. Það getur valdið aukaverkunum í stuttan tíma t.d. hröðum hjartslætti, svita, skjálfta og jafnvel mæði.
- Fæðingalæknir framkvæmir vendingu utan frá. Þá eru hendur eru settar um höfuð og sitjanda barnsins og því þrýst í hálfhring. Það getur verið svolítið óþægilegt en á ekki að vera sársaukafullt. Á meðan ytri vending er reynd er fylgst reglulega með hjartslætti barnsins með ómun.

Ytri vending



ADAM.

- Eftir vendingu/tilraun til vendingar er aftur tekið hjartsláttarrit. Ef ritið er eðlilegt og engir fylgikvillar hafa komið fram útskrifast þú af deild.
- Konur í Rh-mínus blóðflokki fá sprautu til að hindra mótefnamyndun.
- Ytri vending heppnast í um helmingi (50%) tilvika.
- Ef ekki hefur tekist að snúa barninu verður farið yfir valkosti um fæðingarmáta.